

## Efnaeftirlit á áætlun 2024 - Tollafrgreiðsla á plöntuverndarvörum 2023

Dagsetning	08.04.2024
Fyrirtæki	Kemi ehf.
Heimilisfang	Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík
Kennitala	6401942439
Starfsemi	Innflutningur, heildsala
Eftirlitsstaður	Á ekki við
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Kristín Silja Guðlaugsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Ib Göttler

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun stóð fyrir eftirliti hjá Kemi ehf. með magni plöntuverndarvara sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2023, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Fyrirtækið skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar.

### MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **Ábyrgðaraðili:** Nafngreindur ábyrgðaraðili sem tilnefndur er af þeim sem býður plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni fram á markaði til að hafa umsjón með markaðssetningu þeirra.
- **Notendaleyfi:** Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur.
- **Notendaleyfisskyld vara:** Plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni þar sem skilgreint er í markaðsleyfi að varan sem um ræðir sé einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni, enda sé krafist sérstakrar kunnáttu við notkun hennar.
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að

undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES-svæði telst markaðssetning.

Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t. öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu fyrir sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er fyrir vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Sæfivörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.
- **Leyfishafi:** einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru eða sæfivöru.

## UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir löggin með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi.

Í upphafi hvers árs skal sá sem markaðssetur leyfis skyld efni eða efnablöndur gera Umhverfisstofnun grein fyrir magni þeirra, fyrir undangengið ár, á þann hátt sem stofnunin ákveður, sbr. 20. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 2. apríl 2024, þar sem óskað var eftir að Kemi ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem það setti á markað á árinu 2023 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2023. Ofangreindar upplýsingar bárust Umhverfisstofnun þann 8. apríl 2024.

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fyrirtækið skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 18.07.2024  
Kristín Silja Guðlaugsdóttir